



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

32. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 19. ágúst 2025 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Þorkell Þorkelsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Sandra Gunnarsdóttir, formaður kvenfélagsins

María Huld Hilmarsdóttir, varformaður kvenfélagsins

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Bryndís Edda Eðvarðsdóttir

1) Grímsævintýri - skipulag

- Farið yfir skipulag á borðum í félagsheimilinu. Fullbókað.
- Anna ætlar að setja skipulagið á borðunum í excelskjál og senda á sveitarfélagið, sem stillir upp daginn áður.
- Við munum senda út tölvupóst til þeirra sem eru með borðin, til áminningar og góðum ráðum.
- Sandra og María fulltrúar kvenfélagsins samþykkja að vera frammi í fatahengi og borð þar fyrir bankann.
- Rætt um að funda í september með sveitarstjóra til að gera upp Grímsævintýri og skipuleggja næsta árs Grímsævintýri.

2) Önnur verkefni

Menningarkvöld – Rætt um að auglýsa eftir áhugasömum til að vera með viðburð

Auglýsing í Hvatablaðið

Menningarkvöld september – desember 2025

Atvinnu- og menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir eftir aðilum til að halda menningarkvöld á borð við tónlist, bókalesur, listasýningu, í samstarfi við sveitarfélagið. Tilgangurinn er að auðga menningarlíf sveitarfélagsins, sem og að kynna þann frábæra mannauð sem sveitarfélagið býr yfir.

Ef þú hefur áhuga vinsamlega hafðu samband á anna@gogg.is fyrir 20. september 2025



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

3) Fundartímar nefndarinnar

Næsti fundur verður haldinn 22. september 2025, kl. 17:00

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:45.